

ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1218**2018/EES/64/02****frá 23. júní 2017****um að setja viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB vegna þvottaefna***(tilkynnt með númeri C(2017) 4243) (*)*

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010 frá 25. nóvember 2009 um umhverfismerki ESB ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 8. gr.,

að höfðu samráði við umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 66/2010 má veita þeim vörum, sem hafa lítil umhverfisáhrif á öllum vistferli sínum, umhverfismerki ESB.
- 2) Í reglugerð (EB) nr. 66/2010 er kveðið á um að setja skuli sértækar viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB fyrir hvern vöruflokk.
- 3) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/264/ESB ⁽²⁾ var komið á vistfræðilegum viðmiðunum og tilheyrandi kröfum um mat og sannpröfun fyrir þvottaefni sem gilda til 31. desember 2016.
- 4) Til að taka tillit til nýlegrar markaðsþróunar og nýsköpunar sem hefur átt sér stað á tímabilinu þykir rétt að setja endurskoðaðar vistfræðilegar viðmiðanir fyrir þennan vöruflokk.
- 5) Endurskoðuðu viðmiðanirnar og tilheyrandi kröfur vegna mats og sannpröfunar ættu að gilda í sex ár frá tilkynningardegi þessarar ákvörðunar, með tilliti til nýsköpunarferils þessa vöruflokks. Markmiðið með viðmiðununum er að koma á framfæri vörum sem hafa lítil áhrif á vatnavistkerfi, innihalda takmarkað magn af hættulegum efnum, eru skilvirkar við lágt hitastig og mynda lágmarksúrgang með því að draga úr umbúðum.
- 6) Í þágu réttarvissu ætti að fella ákvörðun 2011/264/ESB úr gildi.
- 7) Heimila ætti umbreytingartímabil fyrir framleiðendur, ef vörum þeirra hefur verið veitt umhverfismerki ESB fyrir þvottaefni á grundvelli viðmiðananna sem eru settar fram í ákvörðun 2011/264/ESB, svo að þeir hafi nægan tíma til að laga vörur sínar að endurskoðuðum viðmiðunum og kröfum.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 66/2010.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Vöruflokkurinn „þvottaefni“ skal ná yfir öll þvottaefni eða blettahreinsiefni til formeðhöndlunar, sem falla undir gildissvið reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 648/2004 ⁽³⁾, sem eru skilvirk við 30 °C eða þar undir og sett eru á markað og hönnuð til þvotta á textílefnum, fyrst og fremst í þvottavélum til heimilisnota en þó er notkun í almenningþvottahúsum, einnig með sjálfsafgreiðslu, ekki undanskilin.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjótíð. ESB L 180, 12.7.2017, bls. 63. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 189/2017 frá 22. september 2017 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjótíð. ESB L 27, 30.1.2010, bls. 1.

(2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/264/ESB frá 28. apríl 2011 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir þvottaefni (Stjótíð. ESB L 111, 30.4.2011, bls. 34).

(3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 648/2004 frá 31. mars 2004 um þvotta- og hreinsiefni (Stjótíð. ESB L 104, 8.4.2004, bls. 1).

Blettahreinsiefni til formeðhöndlunar taka til blettahreinsiefna sem eru notuð til beinnar blettameðhöndlunar á textílefnum áður en þau eru þvegin í þvottavél en taka ekki til blettahreinsiefna sem eru skömmtuð í þvottavélina og blettahreinsiefna sem eru að auki ætluð til annarrar notkunar en formeðhöndlunar.

Þessi vöruflokkur skal ekki ná yfir mýkingarefni, vörur sem eru skammtaðar með burðarefnum s.s. lökum, dúkum eða öðrum efnum, eða þvottaaukabúnað sem er notaður án síðari þvottar, s.s. blettahreinsiefni fyrir gólfteppi og húsgagnabólstrun.

2. gr.

1. Í þessari ákvörðun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „innihaldsefni“: efni sem er bætt við af ásetningu, aukaafurðir og óhreinindi úr hráefnum í endanlegri efnasamsetningu vörunnar (þ.m.t. vatnsleysanleg filma, ef hún er notuð),
- 2) „þvottaefni fyrir mjög óhreinan þvott“: þvotta- og hreinsiefni sem eru notuð til venjulegra þvotta á hvítum textílefnum við öll hitastig,
- 3) „þvottaefni fyrir litaðan þvott“: þvotta- og hreinsiefni sem eru notuð til venjulegra þvotta á lituðum textílefnum við öll hitastig,
- 4) „þvottaefni fyrir lítið óhreinan þvott“: þvotta- og hreinsiefni sem eru ætluð fyrir viðkvæm efni,
- 5) „grunnumbúðir“:
 - a) að því er varðar staka skammta í umbúðum sem ætlast er til að séu fjarlægðar fyrir notkun: innþökkun stakra skammta og umbúðir eru hafðar þannig að þær séu minnsta sölueining til dreifingar til endanlegs notanda eða neytanda á sölustaðnum, þ.m.t. merkimiði, eftir atvikum,
 - b) að því er varðar allar aðrar vörutegundir: umbúðir eru þannig gerðar að þær séu minnsta sölueining til dreifingar til endanlegs notanda eða neytanda á sölustaðnum, þ.m.t. merkimiði, eftir atvikum,
- 6) „örplast“: agnir af óleysanlegu plasti úr stórsameindum sem eru minni en 5 mm og fást með einu af eftirfarandi ferlum:
 - a) fjölliðunarferli, s.s. fjölalagningu eða fjölþéttingu, eða svipuðu ferli sem í eru notaðar einliður eða önnur grunnefni,
 - b) efnafræðilegum breytingum á náttúrulegum eða tilbúnum stórsameindum,
 - c) örverugerjun,
- 7) „nanóefni“: náttúrulegt, tilfallandi eða framleitt efni sem inniheldur agnir, í óbundnu ástandi eða sem safn eða samsafn, og meira en 50% agnanna í stærðardreifingunni hafa eitt eða fleiri ytri mál sem eru á stærðarbilinu 1–100 nm ⁽¹⁾.

2. Að því er varðar 2. og 3. mgr. 1. gr. telst þvottaefni vera annað hvort þvottaefni fyrir mjög óhreinan þvott eða þvottaefni fyrir litaðan þvott nema það komi greinilega fram á umbúðum þvottaefnisins að varan er ætluð til notkunar fyrir viðkvæm efni (s.s. þvottaefni fyrir lítið óhreinan þvott).

3. gr.

Þvottaefni eða blettahreinsiefni til formeðhöndlunar skal falla undir vöruflokkinn „þvottaefni“, eins og hann er skilgreindur í 1. gr. þessarar ákvörðunar, til þess að því sé veitt umhverfismerki ESB samkvæmt reglugerð (EB) nr. 66/2010 og skal vera í samræmi við viðmiðanirnar sem og tilheyrandi kröfur vegna mats og sannprófunar sem eru settar fram í viðaukanum.

4. gr.

Viðmiðanir fyrir vöruflokkinn „þvottaefni“ og tilheyrandi kröfur vegna mats og sannprófunar skulu gilda í sex ár frá tilkynningardegi þessarar ákvörðunar.

⁽¹⁾ Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2011/696/ESB frá 18. október 2011 um skilgreiningu á nanóefni (Stjtið. ESB L 275, 20.10.2011, p. 38).

5. gr.

Í stjórnýslunni er kenninúmerið „006“ notað fyrir vöruflokkinn „þvottaefni“.

6. gr.

Ákvörðun 2011/264/ESB er felld úr gildi.

7. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. skulu umsóknir um umhverfismerki ESB fyrir vörur sem falla undir vöruflokkinn „þvottaefni“, sem lagðar eru fram fyrir tilkynningardag þessarar ákvörðunar, metnar í samræmi við þau skilyrði sem mælt er fyrir um í ákvörðun 2011/264/ESB.
2. Umsóknir um umhverfismerki ESB fyrir vörur í vöruflokknum „þvottaefni“, sem lagðar eru fram innan tveggja mánaða frá tilkynningardegi þessarar ákvörðunar, geta annað hvort grundvallast á viðmiðunum sem settar eru fram í ákvörðun 2011/264/ESB eða viðmiðunum sem settar eru fram í þessari ákvörðun. Umsóknirnar skulu metnar í samræmi við viðmiðanirnar sem þær byggjast á.
3. Leyfi fyrir umhverfismerki ESB sem eru veitt á grundvelli viðmiðananna sem settar eru fram í ákvörðun 2011/264/ESB má nota í tólf mánuði frá tilkynningardegi þessarar ákvörðunar.

8. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 23. júní 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Karmenu VELLA

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

RAMMI

VIÐMIÐANIR FYRIR UMHVERFISMERKI ESB

Viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir þvottaefni

VIÐMIÐANIR

1. Skömmunarkröfur
2. Eiturhrif á vatnalífverur
3. Lífbrjótanleiki
4. Sjálfbær uppruni pálmaolíu, pálmakjarnaolíu og afleiða þeirra
5. Undanskilin efni og efni sem sæta takmörkunum
6. Umbúðir
7. Notagildi
8. Upplýsingar fyrir notanda
9. Upplýsingar sem fram koma á umhverfismerki ESB

MAT OG SANNNPRÓFUN

a) **Kröfur**

Sértækar kröfur vegna mats og sannprófunar eru tilgreindar í hverri viðmiðun.

Ef þess er krafist að umsækjandi leggi yfirlýsingar, skjöl, greiningar, prófunarskýrslur eða annað til staðfestingar á samræmi við viðmiðanirnar fyrir þar til bæra aðila mega þessi gögn vera frá umsækjanda sjálfum og/eða birgjum hans, eins og við á.

Þar til bærir aðilar skulu helst viðurkenna vottorð, sem eru gefin út af aðilum sem eru faggiltir í samræmi við viðkomandi samhæfðan staðal fyrir prófunar- og kvörðunarstofur, og sannprófanir aðila sem eru faggiltir samkvæmt viðkomandi samhæfðum staðli fyrir aðila sem votta vörur, ferli og þjónustu. Faggildingar skulu fara fram í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 ⁽¹⁾.

Heimilt er að nota, þar sem við á, aðrar prófunaraðferðir en þær sem vísað er til í hverri viðmiðun ef þar til bæri aðilinn, sem metur umsóknina, fellst á að aðferðirnar séu jafngildar.

Ef við á geta þar til bærir aðilar krafist fylgiskjala og framkvæmt óháðar sannprófanir eða vettvangsheimsóknir.

Forsendan er sú að varan uppfylli öll viðkomandi lagaskilyrði landsins eða landanna þar sem er fyrirhugað er að setja hana á markað. Umsækjandinn skal lýsa því yfir að varan uppfylli þessa kröfu.

Gagnasafn fyrir innihaldsefni þvotta- og hreinsiefna (DID-skráin), sem er aðgengilegt á vefsetri umhverfismerkis ESB, inniheldur þau innihaldsefni sem eru mest notuð í samsetningar þvotta- og hreinsiefna og snyrtivara. Það skal notað til að afla gagna fyrir útreikningana á lágmarksþýnningu til að varna hrifum (LVH) og fyrir matið á lífbrjótanleika innihaldsefnanna. Að því er varðar efni, sem eru ekki í DID-skránni, eru veittar leiðbeiningar um útreikninga eða framreikninga á viðkomandi gögnum.

(1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 frá 9. júlí 2008 um kröfur varðandi faggildingingu og markaðseftirlit í tengslum við markaðssetningu á vörum og um niðurfellingu reglugerðar (EBE) nr. 339/93 (Stjtið. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 30).

Leggja skal skrá yfir öll innihaldsefni fyrir þar til bæra aðilann og tilgreina viðskiptaheiti (ef til er), efnaheiti, CAS-númer, DID-númer, magn innihaldsefna, verkunarmáta og form sem eru fyrir hendi í endanlegri efnasamsetningu vörunnar (þ.m.t. vatnsleysanleg filma, ef hún er notuð).

Tilgreina skal rotvarnarefni, ilmefni og litunarefni, án tillits til styrks. Tilgreina skal önnur innihaldsefni við eða yfir styrk sem nemur 0,010% massahlutfalli.

Tilgreina skal öll innihaldsefni, sem eru fyrir hendi í formi nanóefna, skýrt í skránni með orðinu „nanó“ innan sviga.

Leggja skal fram öryggisblöð fyrir hvert innihaldsefni, sem er skráð, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ⁽¹⁾. Ef öryggisblöð eru ekki tiltæk fyrir stakt efni vegna þess að það er hluti af blöndu skal umsækjandinn leggja fram öryggisblöð fyrir blönduna.

b) Viðmiðunarmörk mælinga

Þess er krafist að vistfræðilegar viðmiðanir séu uppfylltar, að því er varðar öll innihaldsefni, eins og tiltekið er í töflu 1.

Tafla 1

Viðmiðunargildi sem gilda um innihaldsefni samkvæmt viðmiðun fyrir þvottaefni (% massahlutfall)

Heiti viðmiðunar		Yfirborðsvirk efni	Rotvarnarefni	Litunarefni	Ilmefni	Annað (t.d. ensím)
Eiturhrif á vatnalífverur		≥ 0,010	Engin takmörk (*)	Engin takmörk (*)	Engin takmörk (*)	≥ 0,010
Lífbrjótanleiki	Yfirborðsvirk efni	≥ 0,010	ÁEV	ÁEV	ÁEV	ÁEV
	Lífræn efni	≥ 0,010	Engin takmörk (*)	Engin takmörk (*)	Engin takmörk (*)	≥ 0,010
Sjálfbær uppruni pálmaolíu		≥ 0,010	ÁEV	ÁEV	ÁEV	≥ 0,010
Undanskilin eða takmörkuð efni	Tiltekin undanskilin efni og efni sem sæta takmörkunum	Engin takmörk (*)	Engin takmörk (*)	Engin takmörk (*)	Engin takmörk (*)	Engin takmörk (*)
	Hættuleg efni	≥ 0,010	≥ 0,010	≥ 0,010	≥ 0,010	≥ 0,010
	Sérlega varasöm efni	Engin takmörk (*)	Engin takmörk (*)	Engin takmörk (*)	Engin takmörk (*)	Engin takmörk (*)
	Ilmefni	ÁEV	ÁEV	ÁEV	Engin takmörk (*)	ÁEV
	Rotvarnarefni	ÁEV	Engin takmörk (*)	ÁEV	ÁEV	ÁEV
	Litunarefni	ÁEV	ÁEV	Engin takmörk (*)	ÁEV	ÁEV
	Ensím	ÁEV	ÁEV	ÁEV	ÁEV	Engin takmörk (*)

(*) „Engin takmörk“: öll efni sem bætt er við af ásetningu, aukaafurðir og óhreinindi úr hráefnum, óháð styrk

ÁEV: Á ekki við.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjttð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

VIÐMIÐUNARSKAMMTUR

Eftirfarandi skammtur skal teljast viðmiðunarskammtur fyrir útreikningana sem miða að því að skrá fylgni við viðmiðanir umhverfismerkis ESB og við prófun á þvottahæfni:

Þvottaefni fyrir mjög óhreinan þvott, þvottaefni fyrir litaðan þvott	Skammtur sem framleiðandi mælir með fyrir eitt kíló af eðlilega óhreinum þurrum þvotti (tilgreindur í g/kg af þvotti eða ml/kg af þvotti), reiknað út á grundvelli skammts sem mælt er með fyrir 4,5 kg af þvotti við vatnshörku sem nemur 2,5 mmól CaCO ₃ /l.
Þvottaefni fyrir lítið óhreinan þvott	Skammtur sem framleiðandi mælir með fyrir eitt kíló af eðlilega óhreinum viðkvæmum þvotti (tilgreindur í g/kg af þvotti eða ml/kg af þvotti), reiknað út á grundvelli skammts sem mælt er með fyrir 2,5 kg af þvotti við vatnshörku sem nemur 2,5 mmól CaCO ₃ /l.
Blettahreinsiefni (einungis til formeðhöndlunar)	Skammtur sem framleiðandi mælir með fyrir eitt kíló af þurrum þvotti (tilgreindur í g/kg af þvotti eða ml/kg af þvotti), reiknað út á grundvelli 6 skipta fyrir 4,5 kg af þvotti.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram merkimiða vörunnar eða notendaleiðbeiningar þar sem skömmunarfyrimælin koma fram.

Viðmiðun 1 — Skömmunarkröfur

Viðmiðunarskammtur má ekki fara yfir eftirfarandi magn.

Vöruflokkur	Skammtur (g/kg af þvotti)
Þvottaefni fyrir mjög óhreinan þvott, þvottaefni fyrir litaðan þvott	16,0
Þvottaefni fyrir lítið óhreinan þvott	16,0
Blettahreinsiefni (einungis til formeðhöndlunar)	2,7

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram merkimiða vörunnar þar sem skömmunarfyrimælin koma fram og gögn þar sem eðlismassi (g/ml) fljótandi og hlaupkenndra vara kemur fram.

Viðmiðun 2 — Eiturhrif á vatnalífverur

Lágmarkspynning til að varna hrifum (LVH_{langvinn}) vörunnar skal ekki fara yfir eftirfarandi mörk fyrir viðmiðunarskammtinn:

Vöruflokkur	Mörk lágmarkspynningar til að varna hrifum (l/kg af þvotti)
Þvottaefni fyrir mjög óhreinan þvott, þvottaefni fyrir litaðan þvott	31 500
Þvottaefni fyrir lítið óhreinan þvott	20 000
Blettahreinsiefni (einungis til formeðhöndlunar)	3 500

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram útreikning á þeirri lágmarkspynningu vörunnar sem þarf til að varna hrifum (LVH_{langvinn}). Töflureiknir fyrir útreikning á gildinu fyrir lágmarkspynningu til að varna hrifum (LVH_{langvinn}) er aðgengilegur á vefsetri umhverfismerkis ESB.

Lágmarksþyngning til að varna hrifum ($L\text{VH}_{\text{langvinnnt}}$) er reiknuð út fyrir öll innihaldsefni (i) í vörunni með eftirfarandi jöfnu:

$$L\text{VH}_{\text{langvinnnt}} = \sum L\text{VH}(i) = 1\,000 \cdot \sum \text{skammtur}(i) \cdot \frac{NS(i)}{ES_{\text{langvinnnt}}(i)}$$

Þar sem:

skammtur (i): þyngd (g) efnisins (i) í viðmiðunarskammtinum,

NS(i): niðurbrotsstuðull fyrir efnið (i),

ES_{langvinnnt}(i): stuðull fyrir langvinn eiturhrif efnisins (i).

Gildi niðurbrotsstuðuls (NS)(i) og ES_{langvinnnt}(i) skulu vera eins og gefið er upp í nýjustu útgáfu A-hluta DID-skrárinnar. Ef innihaldsefni er ekki tilgreint í A-hluta skal umsækjandinn áætla gildi þess með aðferðinni sem lýst er í B-hluta skrárinnar og láta tilheyrandi gögn fylgja með.

Viðmiðun 3 — Lífbrjótanleiki

a) Lífbrjótanleiki yfirborðsvirkra efna

Öll yfirborðsvirk efni skulu brotna auðveldlega niður (með loftháðum hætti).

Öll yfirborðsvirk efni sem eru flokkuð sem hættuleg fyrir vatnsumhverfi: 1. undirflokkur bráðra eiturhrifa (H400), 3. undirflokkur langvinnra áhrifa (H412) í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ⁽¹⁾, skulu þar að auki vera lífbrjótanleg við loftfirrðar aðstæður.

b) Lífbrjótanleiki lífrænna efnasambanda

Innihald lífrænna efna í vörunni, sem eru ólífbrjótanleg (torlífbrjótanleg) við loftháðar aðstæður (aNBO) eða ólífbrjótanleg við loftfirrðar aðstæður (anNBO), skal ekki fara yfir eftirfarandi mörk í viðmiðunarskammtinum:

aNBO

Vöruflokkur	aNBO (g/kg af þvotti) duft/töflur	aNBO (g/kg af þvotti) vökvi, hylki, hlaup
Þvottaefni fyrir mjög óhreinan þvott, þvottaefni fyrir litaðan þvott	1,00	0,45
Þvottaefni fyrir lítið óhreinan þvott	0,55	0,30
Blettahreinsiefni (einungis til formeðhöndlunar)	0,10	0,10

anNBO

Vöruflokkur	anNBO (g/kg af þvotti) duft/töflur	anNBO (g/kg af þvotti) vökvi, hylki, hlaup
Þvottaefni fyrir mjög óhreinan þvott, þvottaefni fyrir litaðan þvott	1,10	0,55
Þvottaefni fyrir lítið óhreinan þvott	0,55	0,30
Blettahreinsiefni (einungis til formeðhöndlunar)	0,10	0,10

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og þökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtd. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram gögn um niðurbrjótanleika yfirborðsvirkra efna ásamt útreikningnum á ólífbrjótanleika vörunnar við loftháðar aðstæður (aNBO) og ólífbrjótanleika hennar við loftfirrðar aðstæður (anNBO). Töflureiknir fyrir útreikning á aNBO- og anNBO-gildum er aðgengilegur á vefsetri umhverfismerkis ESB.

Vísa skal í nýjstu útgáfu DID-skrárinnar, bæði að því er varðar niðurbrjótanleika yfirborðsvirkra efna og aNBO- og anNBO-gildi fyrir lífræn efnasambönd.

Fyrir innihaldsefni, sem ekki eru tilgreind í A-hluta DID-skrárinnar, skal leggja fram viðeigandi upplýsingar, fengnar úr fræðiritum eða öðrum heimildum, eða viðeigandi niðurstöður prófana sem sýna að efnið sé lífbrjótanleg við loftháðar og loftfirrðar aðstæður eins og lýst er í B-hluta skrárinnar.

Ef gögn um niðurbrjótanleika, sem lýst er hér að framan, eru ekki fyrir hendi má undanskilja innihaldsefni, önnur en yfirborðsvirk efni, kröfundi um niðurbrjótanleika við loftfirrðar aðstæður ef þau eru í samræmi við einn af þremur eftirfarandi kostum:

- 1) þau brotna auðveldlega niður og hafa lítið ásgöng (Á < 25%),
- 2) þau brotna auðveldlega niður og hafa mikið afsögu (A > 75%),
- 3) þau brotna auðveldlega niður og safnast ekki fyrir í lífverum ⁽¹⁾.

Gera skal prófanir á ásgöngu/afsgöngu í samræmi við OECD-viðmiðunarreglu 106.

Viðmiðun 4 — Sjálfbær uppruni pálmaolíu, pálmakjarnaolíu og afleiða þeirra

Innihaldsefni sem eru notuð í vörurnar, sem eru úr pálmaolíu eða pálmakjarnaolíu, skulu fengin af plantekrum sem uppfylla kröfurnar um vottunarkerfi fyrir sjálfbæra framleiðslu sem byggist á fjölgagsmunasamtökum sem hafa meðlimi víða að, þ.m.t. úr frjálsum félagasamtökum, iðnaði og frá hinu opinbera, og sem taka á umhverfisáhrifum, þ.m.t. á jarðveg, líffræðilega fjölbreytni, lífrænar kolefnisbirgir og varðveislu náttúruauðlinda.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram sannanir með vottorðum frá þriðja aðila og aðfangakeðju um það að pálmaolían og pálmakjarnaolían, sem eru notaðar við framleiðslu innihaldsefnanna, komi frá plantekrum sem stjórnað er á sjálfbæran hátt.

Til viðurkenndrar vottunar teljast vottunarkerfi RSPO (Umræðufundur um sjálfbæra pálmaolíu (e. *Roundtable on Sustainable Palm Oil*)) (auðkenni fylgir, aðskilnaður eða massajöfnuður) eða jafngilt eða strangara kerfi um sjálfbæra framleiðslu.

Að því er varðar íðefnaafleiður pálmaolíu og pálmakjarnaolíu er ásettandi að sýna fram á sjálfbærni með kerfum sem nota framseldar vottanir á borð við GreenPalm eða sambærileg kerfi með því að gefa upp uppgæfið magn, í árlegum tilkynningum um framvindu (e. *Annual Communications of Progress (ACOP)*), af keyptum og innleystum GreenPalm-vottunum á síðasta árlega viðskiptatímabili.

Viðmiðun 5 — Undanskilin efni og efni sem sæta takmörkunum

a) Tiltekin undanskilin efni og efni sem sæta takmörkunum

i. Undanskilin efni

Efni, sem eru tilgreind hér á eftir, skulu ekki vera í efnasamsetningu vörunnar, án tillit til styrks:

- alkýlfenóletoxýlöt (APEO) eða aðrar alkýlfenólafleiður,
- atranól,
- klóróatranól,
- díetýlentríamínþentaedíksýra (DTPA),

⁽¹⁾ Efni telst ekki safnast fyrir í lífverum ef lífþéttistuðullinn er < 100 eða log K_{ow} er < 3,0. Ef bæði lífþéttistuðull og log K_{ow} -gildi liggja fyrir skal nota hæsta mældu lífþéttistuðulinn.

- etýlendíamíntetraedíksýra (EDTA) og sölt hennar,
- formaldehýð og efni sem það losar (t.d. 2-brómó-2-nítróprópan-1,3-díól, 5-brómó-5-nítró-1,3-díóxon, natríumhýdroxýmetylglysínat, díasólídínýlúrea), að undanskildum óhreinindum formaldehýðs í yfirborðsvirkum efnum, byggt á pólýalkoxýefnafræði, í styrk sem nemur allt að 0,010% massahlutfalli af innihaldsefninu,
- glútaraldehýð,
- hýdroxýísóhexýl 3-sýklóhexenkarboxaldehýð (HICC),
- örplast,
- nanósílfur,
- nítrómoskusefni og fjölhringa moskusefni,
- fosföt,
- perflúoruð alkýlöt,
- fjörgreind ammóníumsölt, torlíffbrjótanleg,
- hvarfgjörn klórsambönd,
- ródamín B,
- tríklósan,
- 3-joðó-2-própýnýlbútýlkarbamát.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram undirritaða samræmisýfirlýsingu, sem er studd yfirlýsingum frá birgjum, ef við á, þar sem staðfest er að efnasamsetning vörunnar innihaldi ekki skráðu efnin, án tillit til styrks.

ii. Efni sem sæta takmörkunum

Efni, sem eru tilgreind hér á eftir, skulu ekki vera í efnasamsetningu vörunnar yfir þeim styrk sem er tilgreindur:

- 2-metýl-2H-ísóþíasól-3-ón: 0,0050% massahlutfall.
- 1,2-bensísóþíasól-3(2H)-ón: 0,0050% massahlutfall.
- 5-klóró-2-metýl-4-ísóþíasólín-3-ón/2-metýl-4-ísóþíasólín-3-ón: 0,0015% massahlutfall.

Heildarfosfórinnihald (P), reiknað út sem frumefnið P, skal takmarkað við:

- 0,04 g/kg af þvotti fyrir þvottaefni,
- 0,005 g/kg af þvotti fyrir blettahreinsiefni.

Ilmefni, sem falla undir tilkynningarskylduna sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 648/2004, skulu ekki vera fyrir hendi í magni sem nemur $\geq 0,010\%$ massahlutfalli í hverju efni.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram eftirfarandi gögn:

- a) Ef ísóþíasólínón eru notuð: undirritaða samræmisýfirlýsingu, sem er studd yfirlýsingum frá birgjum, ef við á, sem staðfestir að innihald ísóþíasólínóna, sem eru notuð, sé jafnt og eða minna en mörkin sem eru fastsett.
- b) undirritaða samræmisýfirlýsingu, sem er studd yfirlýsingum frá birgjum, ef við á, sem staðfestir er að heildarmagn frumefnisins P sé jafnt eða minna en mörkin sem eru fastsett. Yfirlýsingin skal studd útreikningunum á heildarinnihaldi frumefnisins P í vörunni,
- c) undirritaða samræmisýfirlýsingu, sem er studd yfirlýsingum eða gögnum frá birgjum, ef við á, sem staðfestir að ilmefnin, sem falla undir tilkynningarskylduna sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 648/2004, séu ekki fyrir hendi yfir þeim mörkum sem eru fastsett.

b) *Hættuleg efni*

i. Fullunnin vara

Ekki skal flokka og merkja fullunnu vöruna sem efni sem veldur bráðum eiturrhifum, hefur sértæk eiturrhif á marklíffæri, er öndunarfæra- eða húðnæmir eða krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hefur eiturrhif á æxlun eða er hættulegt fyrir vatnsumhverfið, eins og skilgreint er í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og í samræmi við skrána í töflu 2.

ii. Innihaldsefni

Varan skal ekki innihalda innihaldsefni, við styrkleikamörk sem nema 0,010% massahlutfalli eða yfir þeim í fullunnu vörunni, sem uppfylla viðmiðanir fyrir flokkun sem efni sem er eittrað, hættulegt fyrir vatnsumhverfið, er öndunarfæra- eða húðnæmir, krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hefur eiturrhif á æxlun, í samræmi við I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og í samræmi við skrána í töflu 2.

Ef almenn eða sértæk styrkleikamörk, sem eru ákvörðuð í samræmi við 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008, eru strangari skulu þau ganga framár.

Tafla 2

Takmarkaðar hættuflokkarnir og undirflokkun þeirra

Bráð eiturrhif	
1. og 2. undirflokkur	3. undirflokkur
H300 Banvænt við inntöku	H301 Eittrað við inntöku
H310 Banvænt í snertingu við húð	H311 Eittrað í snertingu við húð
H330 Banvænt við innöndun	H331 Eittrað við innöndun
H304 Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg	ESB-H070 Eittrað í snertingu við augu
Sértæk eiturrhif á marklíffæri	
1. undirflokkur	2. undirflokkur
H370 Skaðar líffæri	H371 Getur skaðað líffæri
H372 Skaðar líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif	H373 Getur skaðað líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif
Næming öndunarfæra og húðnæming	
Undirflokkur 1A/1	Undirflokkur 1B
H317 Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð	H317 Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð
H334 Getur valdið ofnæmis- eða asmaeinkennum eða öndunarerfiðleikum við innöndun	H334 Getur valdið ofnæmis- eða asmaeinkennum eða öndunarerfiðleikum við innöndun
Krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hefur eiturrhif á æxlun	
Undirflokkur 1A og 1B	2. undirflokkur
H340 Getur valdið erfðagöllum	H341 Grunað um að valda erfðagöllum
H350 Getur valdið krabbameini	H351 Grunað um að valda krabbameini
H350i Getur valdið krabbameini við innöndun	

Bráð eiturhrif	
1. og 2. undirflokkur	3. undirflokkur
H360F Getur haft skaðleg áhrif á frjósemi	H361f Grunað um að hafa skaðleg áhrif á frjósemi
H360D Getur haft skaðleg áhrif á börn í móðurkviði	H361d Grunað um að hafa skaðleg áhrif á börn í móðurkviði
H360FD Getur haft skaðleg áhrif á frjósemi. Getur haft skaðleg áhrif á börn í móðurkviði	H361fd Grunað um að hafa skaðleg áhrif á frjósemi. Grunað um að hafa skaðleg áhrif á börn í móðurkviði
H360Fd Getur haft skaðleg áhrif á frjósemi. Grunað um að hafa skaðleg áhrif á börn í móðurkviði	H362 Getur skaðað börn á brjósti
H360Df Getur haft skaðleg áhrif á börn í móðurkviði. Grunað um að hafa skaðleg áhrif á frjósemi	

Hættulegt fyrir vatnsumhverfi	
1. og 2. undirflokkur	3. og 4. undirflokkur
H400 Mjög eitrað lífi í vatni	H412 Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif
H410 Mjög eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	H413 Getur valdið langvinnnum, skaðlegum áhrifum á líf í vatni
H411 Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	

Hættulegt ósonlaginu	
H420 Hættulegt ósonlaginu	

Þessi viðmiðun gildir ekki um innihaldsefni sem falla undir a- og b-lið 7. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 þar sem settar eru fram viðmiðanir um að undanskilja efni í IV. og V. viðauka við þá reglugerð frá kröfum um skráningu, eftirnotendur og mat. Í því skyni að ákvarða hvort þessi undanþága á við skal umsækjandinn skima fyrir því hvort eitthvert innihaldsefni sé fyrir hendi í styrk sem er meiri en 0,010% miðað við þyngd.

Efni og blöndur, sem eru skráð í töflu 3, eru undanþegin ii. lið b-liðar í viðmiðun 5.

Tafla 3

Undanþegin efni

Efni	Hættusetning
Yfirborðsvirk efni	H400 Mjög eitrað lífi í vatni
	H412 Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif
Súbtílisín	H400 Mjög eitrað lífi í vatni
	H411 Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif
Ensím (*)	H317 Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð
	H334 Getur valdið ofnæmis- eða asmaeinkennum eða öndunarerfiðleikum við innöndun

Efni	Hættusetning
ε-þalimídóperoxyhexansýra (PAP), notuð sem bleikiefni við styrk sem nemur að hámarki 0,6 g/kg af þvotti	H400 Mjög eitrað lífi í vatni
	H412 Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif
Nítríltríasetat (NTA) sem óhreinindi í MGDA og GLDA (**)	H351 Grunað um að valda krabbameini

(*) Þ.m.t. stöðgarar og önnur hjálparefni í efnablöndunum.

(**) Í styrk sem er minni en 0,2% í hráefninu að því tilskildu að heildarstyrkurinn í fullunni vörunni sé minni en 0,10%.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal sýna fram á að þessi viðmiðun sé uppfyllt að því er varðar fullunnu vöruna og öll innihaldsefni sem eru fyrir hendi í styrk sem er meiri en 0,010% massahlutfall í fullunnu vörunni. Umsækjandinn skal leggja fram undirritaða samræmisýfirlýsingu, sem er studd yfirlýsingum frá birgjum, ef við á, eða öryggisblöð sem staðfesta að ekkert af þessum efnum uppfylli viðmiðanir fyrir flokkun með einni eða fleiri af þeim hættusetningum sem eru tilgreindar í töflu 2 í því formi/þeim formum og eðlisástandi sem þau eru fyrir hendi í vörunni.

Að því er varðar efni, sem eru skráð í IV. og V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006, sem eru undanþegin skráningarskyldu skv. a- og b-lið 7. mgr. 2. gr. þeirrar reglugerðar, skal yfirlýsing þess efnis frá umsækjandanum nægja til hlítningar.

Umsækjandinn skal leggja fram undirritaða samræmisýfirlýsingu, sem er studd yfirlýsingum frá birgjum, ef við á, eða öryggisblöð sem staðfesta að innihaldsefni, sem uppfylla skilyrði fyrir undanþágu, séu fyrir hendi.

c) *Sérlega varasöm efni (SVHCs)*

Fullunnin vara skal ekki innihalda nein innihaldsefni sem hafa verið tilgreind í samræmi við málsmeðferðina sem lýst er í 1. mgr. 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 þar sem komið er á fót skránni yfir efni sem koma til greina sem sérlega varasöm efni.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram undirritaða samræmisýfirlýsingu, sem er studd yfirlýsingum frá birgjum hans, ef við á, eða öryggisblöð sem staðfesta að ekki séu fyrir hendi nein efni á skránni yfir efni sem koma til greina sem sérlega varasöm efni.

Vísun í nýjustu skrána yfir sérlega varasöm efni skal vera frá umsóknardeginum.

d) *Ilmefni*

Öll innihaldsefni, sem bætt er við vöruna sem ilmefni, skulu hafa verið framleidd og meðhöndluð samkvæmt reglum Alþjóðlegu ilmefnasamtakanna um starfsvenjur⁽¹⁾. Framleiðandinn skal fylgja tilmælum í stöðlum Alþjóðlegu ilmefnasamtakanna varðandi bann eða takmörkun á notkun efna og sértæk hreinleikaskilyrði.

Mat og sannprófun: birgir eða framleiðandi ilmefna, eins og við á, skal leggja fram undirritaða samræmisýfirlýsingu.

e) *Rotvarnarefni*

- i. Varan má einungis innihalda rotvarnarefni í því skyni að rotverja hana og skal viðeigandi skammtur ekki vera stærri en nauðsynlegt er í þessum tilgangi. Þetta á ekki við um yfirborðsvirk efni sem einnig kunna að búa yfir sæfandi eiginleikum.

⁽¹⁾ Aðgengilegt á vefsetri IFRA: <http://www.ifraorg.org>.

- ii. Heimilt er að varan innihaldi rotvarnarefni að því tilskildu að þau safnist ekki fyrir í lífverum. Rotvarnarefni telst ekki safnast fyrir í lífverum ef lífþéttnistuðullinn er < 100 eða $\log K_{ow}$ er $< 3,0$. Ef bæði lífþéttnistuðull og $\log K_{ow}$ -gildi liggja fyrir skal nota hæsta mælda lífþéttnistuðulinn.
- iii. Óheimilt er að halda því fram eða gefa til kynna á umbúðum eða á annan hátt að varan hafi örverueyðandi eða sóttþreinsandi áhrif.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram undirritaða samræmisýfirlýsingu, sem er studd yfirlýsingu frá birgjum, ef við á, ásamt öryggisblöðum fyrir öll rotvarnarefni sem er bætt við og upplýsingum um lífþéttnistuðla eða $\log K_{ow}$ -gildi þeirra. Umsækjandinn skal einnig leggja fram hreinteikningu af umbúðunum.

f) *Litunarefni*

Litunarefni í vörunni skulu ekki safnast fyrir í lífverum.

Litunarefni telst ekki safnast fyrir í lífverum ef lífþéttnistuðullinn er < 100 eða $\log K_{ow}$ er $< 3,0$. Ef bæði lífþéttnistuðull og $\log K_{ow}$ -gildi liggja fyrir skal nota hæsta mælda lífþéttnistuðulinn. Ekki er nauðsynlegt að leggja fram gögn um hugsanlega uppsöfnun í lífverum ef um er að ræða litunarefni sem samþykkt er að megi nota í matvæli.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram undirritaða samræmisýfirlýsingu, sem er studd yfirlýsingu frá birgjum, ef við á, ásamt öryggisblöðum fyrir öll litunarefni sem er bætt við ásamt upplýsingum um lífþéttnistuðla og/eða $\log K_{ow}$ -gildi þeirra eða gögn til að tryggja að litunarefnið sé samþykkt til notkunar í matvæli.

g) *Ensím*

Einungis skal nota ensím í hylkjum (í föstu formi) og ensímvökva/-grugglausnir.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram undirritaða samræmisýfirlýsingu, sem er studd yfirlýsingu frá birgjum, ef við á, ásamt öryggisblöðum fyrir öll ensím sem er bætt við.

Viðmiðun 6 — Umbúðir

a) *Hlutfall þyngdar/nýtingar*

Hlutfall þyngdar/nýtingar vörunnar skal einungis reiknað út fyrir grunnumbúðirnar og skal ekki fara yfir eftirfarandi gildi fyrir viðmiðunarskammt.

Vöruflokkur	Hlutfall þyngdar/nýtingar (g/kg af þvotti)
Þvottaefni í duftformi Þvottaefni í töflum eða hylkjum	1,2
Þvottaefni í vökva-/hlaupformi (ekki töflur eða hylki)	1,4
Blettahreinsiefni (einungis til formeðhöndlunar)	1,2

Ef meira en 80% af efniviðum grunnumbúðanna eru endurunnir eru þær undanþegnar þessari kröfu.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram útreikninginn á hlutfalli þyngdar/nýtingar vegna vörunnar. Ef varan er seld í mismunandi pakkningum (t.d. af mismunandi stærð) skal leggja fram útreikninginn fyrir hverja stærð þeirra umbúða sem skulu fá umhverfismerki ESB.

Hlutfall þyngdar/nýtingar er reiknað út með eftirfarandi hætti:

$$WUR = \Sigma [(W_i + U_i)/(D_i * R_i)]$$

Þar sem:

W_i : þyngd (g) grunnumbúðanna (i),

U_i : þyngd (g) umbúða, sem eru endurunnar en ekki frá neytendum, í grunnumbúðunum (i). $U_i = W_i$ nema umsækjandinn geti fært sönnur á annað,

D_i : fjöldi viðmiðunarskammta í grunnumbúðunum (i),

R_i : enduráfillingarstuðull. $R_i = 1$ (umbúðir eru ekki endurnotaðar í sama tilgangi) eða $R_i = 2$ (ef umsækjandinn getur skráð að hægt sé að endurnota efnisþátt umbúðanna í sama tilgangi og að hann selji enduráfillingar).

Umsækjandinn skal leggja fram undirritaða samræmisýfirlýsingu sem staðfestir innihaldið í efnivið sem er endurunninn frá neytendum, ásamt viðeigandi gögnum. Litið er svo á að umbúðir séu endurunnar frá neytendum ef hráefninu, sem er notað í þær, var safnað frá framleiðendum umbúða á dreifingar- eða neyslustiginu.

b) Hönnun vegna endurvinnslu

Plastumbúðir skulu hannaðar með það fyrir augum að auðvelda skilvirka endurvinnslu með því að forðast notkun á hugsanlegum aðskotaefnum og ósamrýmanlegum efniviðum sem vitað er að hindra aðgreiningu eða uppvinnslu eða draga úr gæðum endurvinnanlega efnisins. Merkimiði eða hulstur, lok og, þar sem það á við, varnarhúðun, skulu ekki samanstanda, hvert um sig eða í samsetningum, af efniviðum og efnisþáttum sem eru tilgreindir í töflu 4. Dælubúnaður (þ.m.t. í úðurum) er undanþeginn þessari kröfu.

Tafla 4

Efniviðir og efnisþættir sem er útilokað að hafa sem hluta af pakkingu

Hluti af pakkingu	Útilokaðir efniviðir og efnisþættir (*)
Merkimiði eða hulstur	<ul style="list-style-type: none"> — Merkimiði eða hulstur úr pólýstýreni (PS) í samsetningu með flösku úr pólýetýlenenterpalati (PET), pólýprópýleni (PP) eða eðlisþungu pólýetýleni (HDPE) — Merkimiði eða hulstur úr pólývínýlklóríði (PVC) í samsetningu með flösku úr pólýetýlenenterpalati (PET), pólýprópýleni (PP) eða eðlisþungu pólýetýleni (HDPE) — Merkimiði eða hulstur úr pólýetýlenterepalatglýkóli (PETG) í samsetningu með flösku úr pólýetýlenterepalati (PET) — Allir aðrir efniviðir úr plasti í hulstur/merkimiða með þéttleika $> 1 \text{ g/cm}^3$, notaðir með flösku úr pólýetýlenterepalati (PET) — Allir aðrir efniviðir úr plasti í hulstur/merkimiða með þéttleika $< 1 \text{ g/cm}^3$, notaðir með flösku úr pólýprópýleni (PP) eða eðlisþungu pólýetýleni (HDPE) — Merkimiðar eða hulstur sem eru málmgerð eða brædd á umbúðir (merkt við mótun)
Lok	<ul style="list-style-type: none"> — Lok úr pólýstýreni (PS) í samsetningu með flösku úr pólýetýlenterepalati (PET), eðlisþungu pólýetýleni (HDPE) eða pólýprópýleni (PP) — Lok úr pólývínýlklóríði (PVC) í samsetningu með flösku úr pólýetýlenterepalati (PET), pólýprópýleni (PP) eða eðlisþungu pólýetýleni (HDPE) — Lok úr pólýetýlenterepalatglýkóli (PETG) eða lok úr efni með þéttleika $> 1 \text{ g/cm}^3$ í samsetningu með flösku úr pólýetýlenterepalati (PET) — Lok úr málm, gleri eða etýlénvínýlasetati (EVA) sem ekki er auðvelt að losa frá flöskunni — Lok úr sílíkon. Undanþegin eru sílíkonlok með þéttleika $< 1 \text{ g/cm}^3$ í samsetningu með flösku úr pólýetýlenterepalati (PET) og sílíkonlok með þéttleika $> 1 \text{ g/cm}^3$ í samsetningu með flösku úr eðlisþungu pólýetýleni (HDPE) eða pólýprópýleni (PP). — Málmþynnur eða -innsigli sem eru áfram föst við flöskuna eða lok hennar eftir að varan hefur verið opnuð

Hluti af pakkingu	Útilokaðir efniviðir og efnisþættir (*)
Varnarhúðun	Pólýamíð, virk pólýólefín, þekjuefni sem eru málmhúðuð og útiloka ljós

(*) EVA — etýlénvínylasetat, HDPE — eðlisþungt pólýetýlen, PET — pólýetýlentereþalat, PETG — umbreytt pólýetýlentereþalatglýkól, PP — pólýprópylen, PS — pólýstýren, PVC — pólývínylklóríð

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram undirritaða samræmisýfirlýsingu þar sem tilgreind er samsetning efniviða í umbúðunum, þ.m.t. ílátsins, merkimiðans eða hulstursins, límsins, loksins og varnarhúðunarinnar, eins og við á, ásamt myndum eða tæknilegum teikningum af grunnumbúðunum.

Viðmiðun 7 — Notagildi

Þvottahæfni vörunnar skal vera fullnægjandi við lægsta hitastig og minnsta skammt samkvæmt ráðleggingum framleiðanda m.t.t. vatnshörku í samræmi við „EU Ecolabel protocol for testing laundry detergents“⁽¹⁾ (aðferðarlýsing umhverfismerkis ESB fyrir prófun þvottaefna) eða „EU Ecolabel protocol for testing stain removers“⁽²⁾ (aðferðarlýsing umhverfismerkis ESB fyrir prófun blettahreinsiefna), eftir því sem við á, sem er aðgengileg á vefsetri umhverfismerkis ESB.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram gögn sem sýna fram á að varan hafi verið prófuð við þau skilyrði sem eru tiltekin í aðferðarlýsingu og að niðurstöður sýni að varan hafi náð a.m.k. þeirri lágmarksþvottahæfni sem krafist er. Umsækjandinn skal einnig leggja fram gögn sem sýna fram á að rannsóknarstofukröfunum, sem koma fram í viðeigandi samhæfðum stöðlum um prófunar- og kvörðunarstofur, sé fylgt, ef við á.

Nota má jafngilda framkvæmd prófunar ef þar til bær aðili hefur metið og samþykkt þetta jafngildi.

Viðmiðun 8 – Upplýsingar fyrir notanda

Með vörunni skulu fylgja leiðbeiningar um tilhlýðilega notkun til að hámarka hæfni vörunnar, lágmarka úrgang og draga úr vatnsmengun og notkun auðlinda. Þessar leiðbeiningar skulu vera læsilegar eða innihalda myndrænar útfærslur eða tákmyndir og innihalda upplýsingar um eftirfarandi:

a) Skömmunarfyrimæli

Umsækjandinn skal gera hentugar ráðstafanir til að aðstoða neytendur við að fylgja ráðlagðri skömmun og gera skömmunarfyrimælin og auðvelt skömmunarkerfi (t.d. tappa) aðgengileg.

Í leiðbeiningum um skammta skulu koma fram upplýsingar um ráðlagða skammta fyrir staðlað magn fyrir a.m.k. tvö óhreinindastig og áhrif vatnshörku á skömmunina.

Tilgreina skal þá vatnshörku sem er ríkjandi á svæðinu þar sem ætlunin er að setja vöruna á markað eða tilgreina hvar hægt er að finna þessar upplýsingar.

b) Upplýsingar um förgun umbúða

Grunnumbúðirnar skulu innihalda upplýsingar um endurnotkunina, endurvinnsluna og rétta förgun umbúðanna.

c) Upplýsingar um umhverfismál

Á grunnumbúðunum skal koma fram texti þar sem tilgreint er mikilvægi þess að nota rétta skammtinn og lægsta hitastigið sem mælt er með (sem skal ekki vera hærra en 30 °C) og að fylla þvottavélina til að lágmarka orku- og vatnsnotkun og draga úr vatnsmengun.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram undirritaða samræmisýfirlýsingu ásamt sýnishorni af merkimiða vörunnar.

(1) Aðgengileg á: <http://ec.europa.eu/environment/ecolabel/documents/Performance%20Test%20Laundry%20Detergents.pdf>

(2) Aðgengileg á: <http://ec.europa.eu/environment/ecolabel/documents/Performance%20Test%20Stain%20Removers.pdf>

Viðmiðun 9 — upplýsingar sem fram koma á umhverfismerki ESB

Kennimerkið skal vera sýnilegt og læsilegt. Skráningarnúmer/leyfisnúmer umhverfismerkis ESB skal koma fram á vörunni og það skal vera læsilegt og augsýnilegt.

Umsækjandinn getur valið að setja valkvæðan textareit á merkimiðann sem inniheldur eftirfarandi texta:

- Áhrif á vatnsumhverfið takmörkuð
- Takmarkað magn hættulegra efna
- Prófað m.t.t. þvottahæfni við 30 °C (*).

(*) Ef varan var prófuð við 15 eða 20 °C í Viðmiðun 7 má umsækjandinn breyta hitastiginu, sem tilgreint er, til samræmis við það.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram sýnishorn af merkimiða vörunnar, eða hreinteikningum af umbúðunum þar sem umhverfismerki ESB er staðsett, ásamt undirritaðri samræmisyfirlýsingu.
